

Fundargerð

Annar fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland í Flatey

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Umhverfisstofnunar og á Teams fjarfundabúnaði, fimmtudaginn 27. október 2022 kl. 11:00.

Fundarmenn:

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, Umhverfisstofnun
Edda Kristín Eiríksdóttir, Umhverfisstofnun
Hafsteinn Guðmundsson, fulltrúi íbúa í Flatey
Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppur,
María Gestsdóttir, Framfarafélag Flateyjar
Svava Sigurðardóttir, Framfarafélag Flateyjar boðaði forföll

Fundarefni

- Vinna að stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins Flateyjar

Rætt var

1. Fulltrúi Umhverfisstofnunar fór stuttlega yfir efni síðasta fundar samstarfshópsins og að engar athugasemdir hefðu borist við fundargerð þess fundar og teljist hún því samþykkt.
2. Farið var yfir síðu um vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem gögn um framvindu vinnunnar verða birt s.s. fundargerðir og samráðsáætlun. Sama síða verður einnig nýtt við kynningarferli á drögum að stjórnunar- og verndaráætluninni.
3. Farið var yfir drög að stjórnunar- og verndaráætluninni sem fundarmenn fengu fyrir fundinn. Skjalið er unnið með fyrirvara um uppsetningu en unnið er að einföldun uppsetningar áætlana hjá Umhverfisstofnun í samráði við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Í skjalinu var farið yfir:
 - Umhverfisstofnun mun senda bréf til samráðaðila um að vinna við stjórnunar- og verndaráætlun Flateyjar sé hafin.
 - Leiðarljós áætlunarinnar. Ákveðið að Umhverfisstofnun komi með tillögu að leiðarljósi fyrir áætlunina og leggi fyrir hópinn.
 - Rætt var um mögulegan opinn kynningarfund um áætlunina. Ákveðið að samstarfshópurinn muni meta þörf á slíkum fundi þegar vinna við áætlunina er komin lengra á leið.
 - Farið var yfir mögulegar ógnir á svæðinu og viðbrögð við þeim. Vatnakettir og kite surf gesta fara vaxandi. Einnig hefur umferð kajaka aukist að sumarlagi. Rætt var um mögulega þörf á að setja sérreglur um umferð á sjó við friðlandið. Mikilvægt sé að koma upplýsingum til ferðapjónustuaðila og gesta Flateyjar um að lokunartími friðlandsins gildi einnig vegna aðkomu frá sjó. Rætt var um að sílamáður, svartbakur og hrafn ógni varpi einkennistegunda friðlandsins.
 - Farið var yfir kaflann um gróður og vistgerðir og aðgerðir settar um stefnu.

Niðurstaða fundar og næstu skref

Næsti fundur samstarfshóps verður í vikunni 14.-18. nóvember nk.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:00.